

# **FLJÓTDALSHÉRAÐ**


## **HÓTANIR OG OFBELDI Á VINNUSTAÐ**

---

Samanburður 2010, 2011, 2013 og 2015

**Hjördís Sigursteinsdóttir**

**September 2020**



## EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR .....	4
HÓTANIR Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ .....	5
LÍKAMLEGT OFBELDI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ .....	7
GERENDUR Í HÓTUNUM OG LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ .....	9
VITNI AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ .....	11
GERENDUR AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ ....	13
SAMANTEKT .....	15

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?.....	5
Mynd 2. Hótanir á núverandi vinnustað 2010-2015.....	6
Mynd 3. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? .....	7
Mynd 4. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað 2010-2015. ....	8
Mynd 5. Hver var gerandinn í hótununum? .....	9
Mynd 6. Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu? .....	10
Mynd 7. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? .....	11
Mynd 8. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? .....	12
Mynd 9. Hverjur hafa verið gerendur í hótununum sem þú varðst vitni að? .....	13
Mynd 10. Hverjur hafa verið gerendur í líkamlega ofbeldinu sem þú varðst vitni að? .....	14

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er hótanir og ofbeldi á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015. Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta; (1) Hótanir á núverandi vinnustað, (2) Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað, (3) Gerendur í hótunum og líkamlegu ofbeldi á vinnustað, (4) Vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustað, () Gerendur í hótunum og líkamlegu ofbeldi á vinnustað sem viðkomandi varð vitni að og (6) Samantekt.


Í fyrirlögnum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru hótanir og líkamlegt ofbeldi mælt með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oftar en einu sinni.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

Í fyrirlögnum 2015 var jafnframt spurt hvort viðkomandi hafi orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Svarmöguleikar voru: (1) „Nei“, (2) „Já“. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu, kynbundna áreitinu, hótununum og/eða líkamlega ofbeldinu sem þú hefur orðið vitni að?“. Svarmöguleika voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

## HÓTANIR Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




**Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,5-4,7% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,0-4,4%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir hótunum oftar en einu sinni var lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni og einnig lægra horft til þeirra sem hafa orðið fyrir hótunum einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum nema í fyrirlögninni 2010.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,6-4,8% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,3-3,9%.




**Mynd 2. Hótanir á núverandi vinnustað 2010-2015.**

Niðurstöðurnar sýna að hótanir á núverandi vinnustað mældust á bilinu 5,2-7,5%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfall fyrir hótanir á vinnustað mældist lægra í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Hótanir á núverandi vinnustað mældust lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema fyrirlögninni 2010.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að hótanir á vinnustað mældust á bilinu 6,9-8,7%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2010.

## LÍKAMLEGT OFBELDI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




**Mynd 3. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að í langflestim tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,2-6,0% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,0-5,7%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi oftar en einu sinni var lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema í fyrirlögninni 2015 og einnig lægra þegar horft er til þeirra sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum í öllum fyrirlögnum nema fyrirlögninni 2015.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,9-4,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,3-2,6%.




**Mynd 4. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað 2010-2015.**

Niðurstöðurnar sýna að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 7,1-11,4%, hæst í fyrirlögninni 2010 og lægst í fyrirlögninni 2015. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema fyrirlögninni 2015.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að líkamlegt ofbeldi á vinnustað mældist á bilinu 5,5-10,3%, hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2010.

## GERENDUR Í HÓTUNUM OG LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í eineltinu á vinnustað. Spurt var: „Hver var gerandinn í hótununum?“ og „Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?“. Merkja mátti við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar/næsti yfirmaður, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



**Mynd 5. Hver var gerandinn í hótununum?**

Sjá má að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í hótunum á núverandi vinnustað en einnig voru þó nokkrir sem nefndu einnig stjórnendur og vinnufélaga.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótununum á núverandi vinnustað eða í um 56-64% tilvika.




**Mynd 6. Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?**

Sjá má að langalgengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað ef frá er talin fyrirlögnin 2015 en þá voru vinnufélagar algengastir.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótununum á núverandi vinnustað eða í um 72-82% tilvika.

## VITNI AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið vitni að hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Spurt var: „Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, á mínum vinnustað, (3) já, á öðrum vinnustað hjá sveitarfélagini.



**Mynd 7. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að um 5% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið var lægra en meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 8% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015.




**Mynd 8. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að um 4% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið var lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 8% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

## GERENDUR AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um gerendur í hótununum og/eða líkamlega ofbeldinu sem viðkomandi varð vitni að á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í hótununum og/eða líkamlega ofbeldinu sem þú hefur orðið vitni að. Svarmöguleika voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



**Mynd 9. Hverjir hafa verið gerendur í hótununum sem þú varðst vitni að?**

Sjá má að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi var gerandi í hótunum á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í hótunum á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.



**Mynd 10. Hverjir hafa verið gerendur í líkamlega ofbeldinu sem þú varðst vitni að?**

Sjá má að langalgengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að en einnig voru aðrir aðilar nefndir.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.

## SAMANTEKT

Í þessari skýrslu eru hótanir og líkamlegt ofbeldi á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015. Fjallað var um hótanir og líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað, gerendur í hótunum og líkamlega ofbeldinu og hvort starfsfólk hafi orðið vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustaðnum og þá gerendur í hótunum og/eða líkamlega ofbeldinu.

Niðurstöðurnar sýna að hótanir á núverandi vinnustað mældust á bilinu 5,2-7,5%, hæst í fyrirlöginni 2013 og lægst í fyrirlöginni 2015. Einnig má sjá að hlutfall fyrir hótanir á vinnustað mældist lægra í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Hótanir á núverandi vinnustað mældust lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema fyrirlöginni 2010.

Niðurstöðurnar sýna að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 7,1-11,4%, hæst í fyrirlöginni 2010 og lægst í fyrirlöginni 2015. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema fyrirlöginni 2015.

Algengast var að þjónustubegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í hótunum á núverandi vinnustað en einnig voru þó nokkrir sem nefndu einnig stjórnendur og vinnufélaga. Langalgengast var að þjónustubegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað ef frá er talin fyrirlöggin 2015 en þá voru vinnufélagar algengastir.

Um 5% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlöginni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið var lægra en meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Um 4% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlöginni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið var lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Niðurstöðurnar sýna að þjónustubegi/íbúi/aðstandandi var gerandi í hótunum á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að. Einnig var langalgengast að þjónustubegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að en einnig voru aðrir aðilar nefndir.